

Reykjavík 19. október 2015

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um styrkingu leikskóla og fæðingarorlofs. Þingskjal 16 – 16. mál.

(Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi lýsa yfir stuðningi sínum við þingsályktunartillögu um styrkingu leikskóla og fæðingarorlofs sem fram er komin á Alþingi.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi líta svo á að fæðingarorlof skuli vera a.m.k. eitt ár frá fæðingu barns og þegar fæðingarorlofi lýkur sé öllum börnum tryggt úrræði á vegum þess sveitarfélags sem það býr í. Að mati samtakanna er það æskilegast að slíkt úrræði sé leikskólavist, en undirstrika að það er á valdi sveitarfélaganna að ákvarða í hvaða formi það úrræði sé. Ávallt skal þó hafa það sem hverju barni er fyrir bestu í forgrunni. Barnaheill líta svo á að leikskólanám eigi að vera hluti grunnþjónustu, aðgengilegt öllum börnum óháð búsetu eða efnahag.

Barnaheill taka einnig undir þann þátt þingsályktunartillögunnar, og telja afar mikilvægan, að kanna skuli leiðir til lengingar fæðingarorlofs því sýnt hefur verið fram á mikilvægi og forvarnargildi tengslamyndunar barna við foreldri sín fyrstu tvö æviárin. Mikilvægt er að lenging fæðingarorlofs sé gerð með jöfnuð kynjanna að leiðarljósi, sérstaklega til að tryggja rétt barna til samveru með báðum foreldrum sínum og til tilfinningatengingar við bæði foreldri á fæðingarorlofstíma. Mikilvægt er að tryggja að framfærsla meðan á fæðingarorlofi stendur sé ásættanleg, svo að foreldrar sjái sér fært að taka fullt orlof.

Barnaheill minna á rétt barna til bestu mögulegu lífsskilyrða án mismununar eins og hann birtist í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Samkvæmt honum ber að tryggja börnum sérstakt öryggi og vernd og að þau njóti jafnræðis. Liður í því er öruggt úrræði á vegum sveitarfélaga þegar fæðingarorlofi lýkur. Að mati Barnaheilla er núverandi staða óásættanleg.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri